



Íslenskar orkurannsóknir Ársreikningur 2021

Íslenskar orkurannsóknir
600503-4050
Urðarhvarfi 8
203 Kópavogi

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings.....	3
Áritun ríkisendurskoðanda	5
Áritun endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur árið 2021.....	8
Efnahagsreikningur 31. desember 2021.....	9
Sjóðstreymi árið 2021.....	10
Skýringar.....	11
Viðauki 1: Stjórnarhættir Íslenskra orkurannsókna	18
Viðauki 2: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf í ársreikningi.....	21

Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings

Íslenskar orkurannsóknir voru stofnaðar árið 2003 til að annast rannsóknir á sviði náttúruvafars, orkumála og annarra auðlindamála samkvæmt lögum nr. 86/2003 og þeim viðbótum og breytingum sem gerðar hafa verið á þeim. ÍSOR er B-hluta stofnun sem starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og aflar sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði ÍSOR.

Í byrjun árs 2021 var undirritaður þriggja ára samningur við GRÓ – þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu um að ÍSOR annist starfsemi Jarðhitaskóla fyrir nemendur frá þróunarlöndum sem hluta af þróunaraðstoð Íslands. GRÓ – þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu starfar skv. reglugerð nr. 1260/2019 sem sett er á grundvelli laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands nr. 121/2008. Með verkefninu fluttust 5 starfsmenn skólans til ÍSOR.

Rekstur ársins 2021

Rekstrartekjur ÍSOR námu 1.244,0 m.kr. á árinu 2021 en 1.233,7 m.kr. árið á undan. Tekjur hækkuðu því um 10,3 m.kr. Tekjur vegna rekstrar Jarðhitaskólans námu 315,5 m.kr. á árinu og því lækkuðu hefðbundnar rekstrartekjur ÍSOR um 305,2 m.kr., eða 24,7%. Rekstrargjöld námu 1.386,6 m.kr. á árinu 2021 en voru 1.271,2 m.kr. árið 2020. Rekstrartap ÍSOR fyrir fjármagnsliði var því 142,5 m.kr. en 37,5 m.kr. rekstrartap varð árið á undan.

Eigið fé í árslok nemur 200,0 m.kr. og hefur lækkað um 180,0 m.kr., á síðustu tveimur árum, eða sem nemur samanlögðu rekstrartapi.

Rekstraráætlun 2022 gerir ráð fyrir 26 m.kr. tapi á því ári og langtímaáætlun að jafnvægi verði náð í rekstrinum á árinu 2023.

Fjármunagjöld umfram fjármunatekjur námu 0,6 m.kr. á árinu 2021 en á árinu 2020 voru fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld 55,7 m.kr. Þessar breytingar milli ára má rekja til sveiflna í gengi íslensku krónunnar í kjölfar Covid-19 en ÍSOR er með verulegt vörslufé í erlendri mynt vegna hárra fyrirframgreiðslna frá Evrópusambandinu vegna rannsóknarstyrkja.

Handbært fé í árslok 2021 nam 177,3 m.kr. og lækkaði um 128,7 m.kr. á árinu.

Ársverk voru 54,4 að meðaltali á árinu og þar af 4,4 vegna rekstrar Jarðhitaskólans.

Stjórnarhættir

Stjórn ÍSOR leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Á árinu voru haldnir 12 stjórnarfundir.

ÍSOR hefur komið á innra eftirliti og stýrir áhættu með viðeigandi starfaaðgreiningu og vel skilgreindum ábyrgðarsviðum. Ferlar eru til staðar til að tryggja eftirlit með tekjuskráningu, rekstrarkostnaði og öðrum þáttum sem hafa áhrif á ársreikning félagsins. ÍSOR vinnur eftir ISO 9001 gæðastaðli sem tryggir reglulegar úttektir á verklagsreglum og að skjölun sé tryggð.

Nánari lýsing á stjórnarháttum er að finna í viðauka 1 við ársreikning ÍSOR.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í júní 2016 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og tóku þær breytingar gildi frá og með 1. janúar 2016. Á meðal þeirra breytinga voru auknar kröfur um upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar og er til frekari upplýsinga vísað í viðauka 2 við ársreikning ÍSOR.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/2019 og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu Íslenskra orkurannsókna 31. desember 2021 og rekstrarafkomu þeirra og breytingu á handbæru fé á árinu 2021.

Stjórn Íslenskra orkurannsókna og forstjóri staðfesta hér með ársreikning ársins 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. júní 2022

Undirritað rafrænt

Þórdís Ingadóttir
formaður

Andrés Skúlason

Árný Erla Sveinbjörnsdóttir

Stefán Guðmundsson

Ingvi Már Pálsson

Árni Magnússon
forstjóri

Áritun ríkisendurskoðanda

Til fjármála- og efnahagsráðherra

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Kannað var hvort rekstur ÍSOR var í samræmi við þau lög sem gilda um fyrirtækið og eftir atvikum fjárlög og fjáráukalög, sbr. meginreglur laga nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

Ríkisendurskoðun, 3. júní 2022

Undirritað rafrænt

Guðmundur Björgvin Helgason
starfandi ríkisendurskoðandi

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og eiganda Íslenskra orkurannsókna

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenskra orkurannsókna fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitund eru í skýrslu stjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Íslenskra orkurannsókna 31. desember 2021, afkomu þeirra og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér á eftir. Við erum óháð Íslenskum orkurannsóknum og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Þau eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Íslenskra orkurannsókna og setja inn skýringu ef þess er þörf.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær geta haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggist á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit okkar. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi.
- Ályktum um notkun stjórnar og forstjóra á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðunandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggist á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstarhæfi fyrirtækisins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með taldar skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 3. júní 2022

Undirritað rafrænt

Óskar Sverrisson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Seld þjónusta		823.999.056	1.061.881.497
Leigutekjur		104.535.720	164.883.085
Aðrar tekjur		0	6.980.000
Tekjur JHS		315.476.487	0
	1	<u>1.244.011.263</u>	<u>1.233.744.582</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldrar þjónustu og leigutekna	2	160.317.672	211.904.623
Laun og launatengd gjöld	3	674.148.225	798.262.049
Annar rekstrarkostnaður	4	203.383.796	216.451.275
Afskriftir	7	33.232.967	44.608.530
Rekstrargjöld JHS	5	315.476.487	0
		<u>1.386.559.147</u>	<u>1.271.226.477</u>
Rekstrartap		(142.547.884)	(37.481.895)
(Fjármagnsgjöld) og fjármunatekjur	6	<u>(558.129)</u>	<u>55.703.115</u>
(Tap) hagnaður ársins		<u>(143.106.013)</u>	<u>18.221.220</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	7	71.827.614	89.908.594
Eignarhlutir í öðrum félögum	8	3.265.867	4.165.867
Fastafjármunir samtals		<u>75.093.481</u>	<u>94.074.461</u>
Óreikningsfærð verk		38.465.645	6.363.949
Viðskiptakröfur	9	170.799.759	176.178.996
Vörslufé	13	80.485.258	123.856.783
Handbært fé		177.275.669	306.053.160
Veltufjármunir samtals		<u>467.026.331</u>	<u>612.452.888</u>
Eignir samtals		<u>542.119.812</u>	<u>706.527.349</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	10	200.020.981	343.126.993
Eigið fé samtals		<u>200.020.981</u>	<u>343.126.993</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	11	135.827.725	69.721.728
Vörslufé	13	80.485.258	123.856.783
Aðrar skammtímaskuldir	12	125.785.848	169.821.845
Skammtímaskuldir samtals		<u>342.098.831</u>	<u>363.400.356</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>542.119.812</u>	<u>706.527.349</u>

Sjóðstreymi árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Tap (hagnaður) ársins		(143.106.013)	18.221.220
<i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:</i>			
Afskriftir		33.232.967	44.608.530
Söluhagnaður af fastafjármunum		0	6.980.000
Veltufé frá rekstri		<u>(109.873.046)</u>	<u>69.809.750</u>
<i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Óreikningsfærð verk, (hækkun) lækkun		(32.101.696)	24.068.320
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		5.379.237	51.226.550
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		22.070.000	(40.915.236)
		<u>(4.652.459)</u>	<u>34.379.634</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>(114.525.505)</u>	<u>104.189.384</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum	7	(15.151.987)	(44.122.464)
Niðurfærðir áhættufjármunir		1.000.000	0
Viðbót áhættufjármunir		(100.000)	0
Söluverð rekstrarfjármuna		0	(6.980.000)
Fjárfestingahreyfingar		<u>(14.251.987)</u>	<u>(51.102.464)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(128.777.492)	53.086.920
Handbært fé í ársbyrjun		<u>306.053.160</u>	<u>252.966.240</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>177.275.669</u>	<u>306.053.160</u>

Skýringar

Íslenskar orkurannsóknir voru stofnaðar 1. júlí 2003. Höfuðstöðvar ÍSOR eru í Urðarhvarfi 8 í Kópavogi en einnig er rekið útibú á Akureyri. ÍSOR er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið. Hlutverk ÍSOR er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála. ÍSOR starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og aflar sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði ÍSOR. Um starfsemi ÍSOR gilda lög nr. 86 frá 2003.

Í byrjun árs 2021 var undirritaður þjónustusamningur um að ÍSOR annaðist starfsemi Jarðhitaskólans (JHS) fyrir nemendur frá þróunarlöndum sem hluta af þróunaraðstoð Íslands. GRÓ - þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu starfar skv. reglugerð nr. 1260/2019 sem sett er á grundvelli laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands nr. 121/2008. Með verkefninu fluttust 5 starfsmenn skólans yfir til ÍSOR.

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur ÍSOR er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglugerð nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggist á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaáðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Innlausn tekna

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskipta. Tekjur af styrktarverkum eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskipta. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

Matsaðferðir

Óreikningsfærð verk eru eignfærð á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Matið er framkvæmt af stjórnendum ÍSOR.

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar er færðar úr bókum ÍSOR.

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á matsverði. Matið er framkvæmt af stjórnendum ÍSOR.

Skattar

ÍSOR greiðir virðisaukaskatt af aðföngum, eldsneytisgjöld, bifreiðagjöld og ýmis leyfisgjöld. ÍSOR er B-hluta stofnun ríkissjóðs og er því undanþegin álagningu tekjuskatts.

Erlendir gjaldmiðlar og innlendar vísitölur

Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á kaupgengi í árslok en skuldir eru umreiknaðar á sölugengi. Viðskipti í erlendum gjaldeyri á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum til ársloka 2021 eins og ÍSOR hefur beitt ákvæðum ársreikningalaga um eignafærslu og afskriftir frá því kaup áttu sér stað.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum kostnaði við að koma eignunum á viðeigandi stað og í nothæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við áætlaðan endingartíma eignanna.

Tölvubúnaður: 3 ár

Áhöld, tæki og innréttingar: 2–10 ár

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

Handbært fé

Handbært fé eru óbundnar innistæður á bankareikningum. ÍSOR á bankareikninga í ISK auk USD og EUR. ÍSOR er að auki með óbundna innistæðu á bankareikningi vegna reksturs JHS.

Vörslusjóðir

ÍSOR hefur umsjón með sjóðum sem varðveittir eru á bankareikningum og eru ekki hluti af handbæru fé.

Skuldbindingar vegna starfsmanna

Lífeyrisskuldbindingar. Hinn 19. apríl 2017 barst ÍSOR bréf frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þar sem stofnuninni var tilkynnt að henni bæri að greiða sérstakt 5,85% iðgjald til að standa undir lífeyrisauka starfsmanna sinna. Iðgjaldinu er ætlað að standa undir lífeyrisauka þeirra sjóðsfélaga í A-deild LSR sem eiga þann rétt skv. lögum nr. 127/2016, um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Lögin tóku gildi 1. júní 2017. Lífeyrisskuldbindingar vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna ÍSOR hafa verið áætlaðar í árslok og gjaldfærðar í ársreikningi.

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta, þar sem við á.

1 Rekstrartekjur

Tekjur á árinu 2021 námu 1.244,0 m.kr. og hækkuðu um 10,3 m.kr. frá fyrra ári, eða 0,8%. Þjónustutekjur lækkuðu um 101,0 m.kr., eða 16,8%, leigutekjur lækkuðu um 60,3 m.kr., eða 36,6%, framlög, styrkir og endurgreiddur útlagður kostnaður lækkaði um 136,8 m.kr., eða 29,8%. Því lækkuðu hefðbundnar rekstrartekjur ÍSOR um 305,2 m.kr., eða 24,7%. Tekjur vegna rekstrar Jarðhitaskólans námu 315,5 m.kr. en ÍSOR tók við rekstri skólans í febrúar 2021.

	2021	2020
Seld sérfræðiþjónusta	501.683.135	602.706.119
Leigutekjur tækja	104.535.720	164.883.085
Framlög, styrkir og endurgreiddur útlagður kostnaður	322.315.921	459.175.378
Tekjur JHS	315.476.487	0
Hagnaður af sölu eigna	0	6.980.000
	<u>1.244.011.263</u>	<u>1.233.744.582</u>

2 Kostnaðarverð seldrar þjónustu

Á árinu 2021 nam kostnaðarverð seldrar þjónustu og leigutekna 160,3 m.kr. og lækkaði frá fyrra ári um 51,6 m.kr., eða 24,3%.

	2021	2020
Aðkeypt til endursölu	69.593.143	104.777.166
Viðhald og rekstur tækja	26.170.191	36.155.165
Endurgreiddur útlagður kostnaður	64.554.338	70.972.292
	<u>160.317.672</u>	<u>211.904.623</u>

3 Laun og launatengd gjöld

Á árinu 2021 námu laun og launatengd gjöld 674,1 m.kr. og lækkuðu frá fyrra ári um 124,1 m.kr., eða 15,5%. Starfsmenn ÍSOR voru 55 á launaskrá í lok ársins. Ársverk voru 50 á árinu og fækkaði um 9,5 frá fyrra ári. Áætluð fjárhæð að upphæð 24,3 m.kr. vegna sérstaks 5,97% viðbótariðgjalds í A-deild LRS vegna ársins 2021 er gjaldfærð í ársreikningnum. Stjórnarlaun ásamt launatengdum gjöldum námu 10 m.kr. og laun og launatengd gjöld vegna forstjóra 21,9 m.kr. Laun og launatengd gjöld vegna starfsmanna JHS eru færð undir rekstur skólans en fastir starfsmenn skólans voru 4 í lok árs 2021.

	2021	2020
Laun	530.076.449	618.640.994
Launatengd gjöld	147.592.463	175.394.674
Breyting á orlofsskuldbindingu	(3.520.687)	4.226.381
	<u>674.148.225</u>	<u>798.262.049</u>

4 Annar rekstrarkostnaður

Önnur rekstrargjöld lækka milli ára um 12,9 m.kr., eða 6,0%. Sölu- og stjórnunarkostnaður lækkar um 5,9 m.kr., eða 6%, ferðakostnaður lækkar um 4,0 m.kr., eða 36,5%, húsnæðis-kostnaður lækkar um 4,0 m.kr., eða 3,7%.

	2021	2020
Sölu- og stjórnunarkostnaður	91.591.338	97.459.800
Húsnæðiskostnaður	103.745.848	107.725.537
Ferðaskostnaður	7.046.610	11.100.164
Skattar, tilfærslur og fleira	1.000.000	0
	<u>203.383.796</u>	<u>216.285.501</u>

5 Rekstrarkostnaður JHS

	2021	2020
Laun og launatengd gjöld	65.317.924	
Stjórnar- og rekstrarkostnaður	19.998.783	
Sex mánaða námskeið	112.824.636	
Meistaránám og doktorsnám	39.496.917	
Stutt námskeið	27.398.078	
Önnur starfsemi	50.440.149	
	<u>315.476.487</u>	<u>0</u>

6 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2021	2020
Fjármunatekjur	496.834	790.600
Fjármagnstekjuskattur	(109.069)	(175.810)
(Gengistap) gengishagnaður	(860.215)	55.236.714
Fjármagnsgjöld	(86.679)	(148.389)
	<u>(558.129)</u>	<u>55.703.115</u>

7 Varanlegir rekstrarfjármunir

	Áhöld, tæki og innréttingar	Tölvubúnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða í ársbyrjun	465.852.179	46.056.946	511.909.125
Eignfært á árinu	9.835.341	5.316.647	15.151.987
Aflagt á árinu	0	0	0
Staða í árslok	475.687.520	51.373.593	527.061.113
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	387.814.791	34.185.740	422.000.531
Afskrift ársins	27.709.361	5.523.606	33.232.967
Aflagt á árinu	0	0	0
Staða í árslok	415.524.152	39.709.346	455.233.498
Bókfært verð í ársbyrjun	78.037.388	11.871.206	89.908.594
Bókfært verð í árslok	60.163.368	11.664.247	71.827.614

Áætlaður nýtingartími varanlegra rekstrarfjármuna er eftirfarandi:

Tölvubúnaður	3 ár
Áhöld, tæki og innréttingar	2-10 ár

Vátryggingar eigna félagsins í árslok greinast þannig:

	Vátryggingamat
Vélar og tæki, eignatryggingar	
Borholutæki	184.423.183
Tæki í bílum eða húsi	22.844.076
Yfirborðstæki	85.835.975
	<u>293.103.234</u>

8 Eignarhlutir í félögum

	Nafnverð	Matsverð
Belgingur	58.644	2.045.328
Keilir	1.725	0
GeoThermHydro ehf.	16.500.000	306.464
Málmís ehf.	912.500	912.500
Orkuskólinn ISE (Iceland School of Energy)	1.575	1.575
Áhættufjármunir 31.12.2021	<u>17.474.444</u>	<u>3.265.867</u>

9 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur ÍSOR skiptast í kröfur á innlenda og erlenda aðila.

Innlendir aðilar	145.553.155
Erlendir aðilar	25.246.603
	<u>170.799.758</u>

Aldursgreining viðskiptakrafna miðað við 31.12.2021

Ógjaldfallið	162.658.222
1-30 daga vanskil	1.159.531
30-60 daga vanskil	3.899.042
60-90 daga vanskil	3.082.964
Eldra en 90 dagar	0
	<u>170.799.759</u>

10 Yfirlit um eiginfjárreikninga

Eigið fé 1. janúar 2021	343.126.993
(Tap) hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	(143.106.013)
Eigið fé 31. desember 2021	<u>200.020.981</u>

11 Viðskiptaskuldir

Erlendar viðskiptaskuldir	23.029.997
Innlendar viðskiptaskuldir	112.797.728
	<u>135.827.725</u>

12 Aðrar skammtímaskuldir

Ógreidd laun og launatengd gjöld	61.580.290
Ógreidd orlofsskuldbinding	56.739.969
Ógreiddur virðisaukaskattur	7.428.744
Annað ógreitt	36.845
	<u>125.785.848</u>

13 Vörslusjóðir

ÍSOR hefur tekið í vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð 43,8 m.kr. sem varðveittir eru á bankareikningum ÍSOR en teljast ekki til handbærs fjár. Vörsluféð er vegna framlaga úr rannsóknarsjóðum Evrópusambandsins. Framlöggin eru nýtt til að standa straum af kostnaði við verkefni sem eru fjármöggnuð af sjóðunum. Að auki er ÍSOR með í fjárvörslu fjármuni frá GRÓ, utanríkisráðuneytinu, að upphæð 36,7 m.kr.

Hreyfingar á vörslusjóði voru eftirfarandi:

Staða 1. janúar 2021	123.856.782
Innborganir frá rannsóknarsjóðum Evrópusambandsins	16.251.859
Greidd vinna og kostnaður vegna verkefna rannsóknarsjóða ESB	(91.622.128)
Reiknaður gengismunur 31.12.21	(4.694.166)
Staða 31. desember 2021	<u>43.792.347</u>

Innborgun á vörslusjóð 4.3.2021	35.702.465
Fjármunatekjur og gjöld	1.093.886
Greitt úr vörslusjóði	(103.440)
Staða vörslusjóðs í eigu GRÓ vegna JHS 31.12.21	<u>36.692.911</u>

14 Kennitölur

	2021	2020
Úr efnahagsreikningi:		
Veltufjárhlutfall	1,37	1,69
Eiginfjárhlutfall	36,9%	48,6%
Úr rekstrarreikningi:		
Rekstrarhagnaður (EBIDTA)	-8,8%	0,6%
Arðsemi eigin fjár	-71,6%	5,3%

Viðauki 1: Stjórnarhættir Íslenskra orkurannsókna

Skipulag og hlutverk

Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, eru sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið. Hlutverk ÍSOR er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúruvafars, orkumála og annarra auðlindamála. ÍSOR starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og aflar sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði ÍSOR. Um starfsemi ÍSOR gilda lög nr. 86 frá 2003, og reglugerð nr. 545/2014.

Stjórn

Stjórn ÍSOR er skipuð af umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra til fjögurra ára í senn. Hún ber ásamt forstjóra ábyrgð á stefnu, fjármálum og rekstri Íslenskra orkurannsókna. Fimm manns sitja í stjórn ÍSOR, tvær konur og þrír karlmenn. Núverandi stjórn var skipuð 14. ágúst 2019.

Stjórn ÍSOR skipa:

Þórdís Ingaðóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, stjórnarformaður; Andrés Skúlason, forstöðumaður; Árný Erla Sveinbjörnsdóttir, jarðfræðingur við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands; Stefán Guðmundsson, viðskiptafræðingur, skrifstofustjóri í umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytinu og Ingvi Már Pálsson, skrifstofustjóri í háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu.


Stefna og framtíðarsýn

ÍSOR er alþjóðlega þekkt sem traust rannsóknar- og ráðgjafarfyrirtæki á sviði jarðhita. Þjónusta sem tengist jarðhita er kjarninn í starfsemi ÍSOR. Til að geta veitt heildstæða þjónustu á sviði jarðhita þarf ÍSOR að búa yfir víðfeðmri þekkingu á mörgum sviðum jarðvísinda og verkfræði. ÍSOR stundar einnig rannsóknir og veitir þjónustu á tengdum fræðasviðum, svo sem á sviði grunnvatns, jarðfræði hafsbots, kolvetna, jarðefna og almennra jarðfræða. Jákvæða þróun í starfseminni undanfarin ár má meðal annars rekja til þess að fyrirtækinu hefur tekist vel að halda í reynt og gott starfsfólk og ráða inn hæfa nýliða.

ÍSOR setti sér nýja stefnu árið 2021 og var hún kynnt til sögunnar á ársfundi ÍSOR í maí það ár. Meginmarkmið stefnunnar er að vera **leiðandi í ráðgjöf á heimsvísu á sviði sjálfbærrar nýtingar jarðrænna auðlinda og styðja við stefnu og áherslur Íslands í umhverfis-, auðlinda- og orkumálum innanlands og í alþjóðlegu samstarfi**. Kynnt var nýtt og einfaldara stjórnskipulag:



Stjórnskipulag



Innra skipulag

Nýtt og einfaldara stjórnskipulag var innleitt samfara nýrri stefnu. Nýja skipulagið er afurð yfirgripsmikillar stefnumótunarvinnu og byggist á þremur tekjusviðum; könnun, nýtingu og vöktun og fræðslu, og þremur þjónustusviðum; fjármálum, mannauði og viðskiptaþróun.

Innri endurskoðun og áhættustýring

ÍSOR hefur komið upp eftirlitskerfi sem byggist á eftirlitsmarkmiðum sem eiga að draga úr hvata, tækifærum og réttlætingu til sviksemi í starfseminni. Eftirlitskerfið samanstendur af siðareglum, starfsmannastefnu, verklagsreglum, aðskilnaði starfa, vöktun og ISO 9001 gæðastaðli. Verklagsreglur ÍSOR og stefnur eru endurskoðaðar reglulega.

Forstjóri og framkvæmdastjórn

Forstjóri er Árni Magnússon með MIB-gráðu í alþjóðaviðskiptum. Forstjóri fer með yfirstjórn í umboði stjórnar.

Framkvæmdastjórn ÍSOR er skipuð forstjóra og sex sviðsstjórum. Í framkvæmdastjórn eru þrjár konur og fjórir karlmenn.

Stoðsviðin þrjú hafa það hlutverk að stuðla að því að einingar ÍSOR nái hámarksárangri fyrir viðskipavini, starfsfólk og eiganda.

Fjármál: Sviðsstjóri er Guðrún Erlingsdóttir. Sviðið ber ábyrgð á fjármálum ÍSOR, reikningshaldi, fjárstýringu, innkaupum, stjórnendaupplýsingum og áætlanagerð. Guðrún er jafnframt staðgengill forstjóra.

Mannauður og innri þjónusta: Sviðsstjóri er Valgerður Gunnarsdóttir. Sviðið hefur umsjón með launakerfi, ber ábyrgð á mannauðs- og gæðamálum, rekstri upplýsingakerfa ásamt útgáfu- og skjalamálum.

Viðskiptaþróun: Sviðsstjóri er Bjarni Richter. Sviðið ber ábyrgð á markaðsmálum ÍSOR, þ.m.t. markaðsáætlunum, verkefnaöflun og kynningu á ÍSOR.


Hlutverk sviðsstjóra tekjusviðanna þriggja er öflun verkefna, að hafa yfirumsjón með verkefnum ÍSOR þannig að þau séu í samræmi við verksamninga, áætlanir og gæðakröfur. Jafnframt er hlutverk sviðsstjóra að styðja verkefnisstjóra við framkvæmd og umsjón einstakra verkefna með það að markmiði að samræma vinnubrögð og þjónustu.

Könnun: Sviðsstjóri er Steinunn Hauksdóttir. Viðfangsefni sviðsins eru m.a. kortlagning, auðlindamat, hafsbótinn, mælingar, rannsóknir og þróun.

Nýting: Sviðsstjóri er Steinþór Niélsson. Viðfangsefni sviðsins eru m.a. nýting og hringrás, kolefnisbinding, mælingar, rannsóknir og þróun.

Vöktun og fræðsla: Sviðsstjóri er Bjarni Gautason. Viðfangsefni eru m.a. öryggi og aðgengi, vöktun, eftirlit, vottun, GRÓ, GTP, mælingar, rannsóknir og þróun. Bjarni er jafnframt útíbússtjóri Akureyrarútíbús.

Stjórnskipulag



Viðauki 2: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf í ársreikningi

Almennt um ÍSOR

Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, eru sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið. Hlutverk ÍSOR er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúruvafars, orkumála og annarra auðlindamála. ÍSOR starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og aflar sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði ÍSOR. Um starfsemi ÍSOR gilda lög nr. 86 frá 2003, og reglugerð nr. 545/2014.

Umhverfismál og græn skref

ÍSOR hefur sett sér umhverfisstefnu og er markmið hennar að fyrirtækið verði leiðandi á sínu sviði og hafi með starfsemi sinni jákvæð áhrif á þróun umhverfismála hér á landi. Til að ná því takmarki er beitt aðferðafræði ISO 14001 staðalsins á sem flesta þætti í rekstrinum. Nánari upplýsingar um stefnuna má lesa á vef ÍSOR á slóðinni <http://isor.is/umhverfisstefna-isor>.

ÍSOR tekur einnig þátt í átakinu *Græn skref í ríkisrekstri* í samvinnu við Umhverfisstofnun en í því er lögð áhersla á að ríkisstofnanir vinni að því að minnka umhverfisáhrif daglegs reksturs. ÍSOR hefur nú þegar fengið viðurkenningu fyrir að hafa náð fyrstu þremur skrefunum.

Samfélagsleg mál

Rannsóknir og ráðgjöf á grundvelli þeirra eru meginþættir starfseminnar. Allar mælingar og rannsóknarniðurstöður ÍSOR eiga að vera vandlega unnar, yfirfarnar og sannprófaðar. Ráðgjöf sem veitt er á grundvelli þeirra er unnin af fagmennsku og ábyrgð. ÍSOR kappkostar að veita hlutlausa ráðgjöf byggða á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma. ÍSOR miðlar þekkingu sinni til samfélagsins með birtingu vísindagreina, kennslu og leiðsögn á háskólastigi, þjálfun framhaldsnema og almennri upplýsingagjöf á sérfræðisviðum ÍSOR. Þegar starfsfólk ÍSOR tekur þátt í almennri umræðu í þjóðfélaginu á starfssviði ÍSOR ber því að gæta hlutleysis og miðla upplýsingum af ábyrgð og vísindalegri nákvæmni.

Siðareglur

Í störfum sínum hefur starfsfólk ÍSOR í heiðri siðareglur ÍSOR sem voru samþykktar 4. september 2013 og má lesa á vef ÍSOR á slóðinni <http://isor.is/sidareglur-isor>. Starfsmenn ÍSOR hafa jafnframt í heiðri almennar siðareglur fyrir ríkisstarfsmenn, viðmið Sameinuðu þjóðanna og, eftir því sem við á, siðareglur fagfélaga og Háskóla Íslands.

Starfsmannamál

Meginverðmæti ÍSOR er fólgið í kunnáttu starfsmanna til að leysa þau viðfangsefni sem ÍSOR er falið samkvæmt lögum. Starfsfólk ÍSOR og forveri þess hefur frá árinu 1945 byggt upp einstæða þekkingu á jarðhita, eðli hans og aðferðum til nýtingar og er stofnunin í fararbroddi héraendis á þessu sviði. Þessi kunnátta hefur jafnframt skipað ÍSOR í fremstu röð meðal þeirra sem starfa á alþjóðavettvangi að sambærilegum verkefnum. Til að viðhalda stöðu sinni hefur ÍSOR sett sér starfsmannastefnu sem samþykkt var 12. mars 2018 og hægt er að lesa á slóðinni <http://isor.is/starfsmannastefna>. Jafnframt hefur ÍSOR sett sé jafnréttisáætlun, jafnlaunastefnu

og áætlun um forvarnir og viðbrögð við einelti, áreitni eða ofbeldi. ÍSOR hlaut jafnlaunavottun árið 2020 og hefur fengið staðfestingu á því að launaákvæðanir séu kerfisbundnar, að fyrir hendi sé jafnlaunakerfi og fylgt sé jafnlaunastefnu sem felst í að konum og körlum skulu greidd jöfn laun og þau njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Öryggisstefna

Stefna ÍSOR er að tryggja öllum starfsmönnum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Markmiðið er slysalaus vinnustaður og að enginn starfsmaður bíði heilsutjón af starfi sínu hjá stofnuninni. Í rekstri stofnunarinnar er kröfum laga og reglna fylgt og með aðferðafræði ISO 9001 er sífellt unnið að endurbótum sem stuðla að auknu öryggi starfsmanna, samstarfsaðila og viðskiptavina stofnunarinnar. Starfandi er öryggisnefnd hjá ÍSOR sem vinnur samkvæmt lögum nr. 46/1980 og reglugerð nr. 920/2006 að öryggismálum hjá ÍSOR. Til að ná þessu markmiði er í stuttu máli gerð sú krafa að allir starfsmenn vinni í samræmi við öryggisstefnu ÍSOR sem er að finna á slóðinni <http://isor.is/oryggisstefna>.

Gæðakerfi ÍSOR

ÍSOR hlaut á árinu 2019 vottun á gæðastjórnunarkerfi stofnunarinnar samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO 9001. Gæðastjórnunarkerfinu er lýst í virkri og útgáfustýrðri, rafrænni handbók sem er aðgengileg öllum starfsmönnum.